

# Íslenskur iðnaður

01. tölublað 20. árg.

Janúar 2014

Samtök iðnaðarins

SI



## Andri Þór og Októ fá viðskiptaverðlaun Viðskiptablaðsins

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri og Októ Einarsson, stjórnarformaður Ölgerðarinnar veittu viðtöku Viðskiptaverðlaunum Viðskiptablaðsins fyrir árið 2013 úr hendi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, forsætisráðherra.

Ritstjórn Viðskiptablaðsins segir í rökstuðningi sínum að þeir Andri Þór og Októ hafi við gríðarlega erfiðar aðstæður stýrt fyrirtækinu í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu eftir bankahrunið og á sama tíma aukið markaðshlutdeild á miklum samkeppnismarkaði. Staða Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar sé fyrir vikið sterk, veltan hafi aldrei verið meiri, framlegðin góð og fjölmörg tækifæri séu framundan. Geta má þess að Ölgerðin fagnaði aldarafmæli sínu á síðasta ári.

„Þetta er mikill og einstakur heiður fyrir Ölgerðina Egil Skallagrímsson og raunar allt starfsfólk þess. Þetta er frábær endir á afmælisári okkar og vitnisburður um að það er tekið eftir því starfi og þeim árangri sem við höfum náð á undanförunum árum,“ segir Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar.

Við afhendingu verðlaunanna sagði Björgvin Guðmundsson, ritstjóri Viðskiptablaðsins, að snertifletir Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar við fólk í landinu væru margir og fjölbreyttir. Auðvelt væri að skynja kraftinn og eldmóðinn í fyrirtækinu og starfsfólkinu.

## IÐNÞING / AÐALFUNDUR

6. mars  
Íþrótt- og sýningarhöllinni  
Laugadal

**Aðalfundur 12.00 - 13.45**

Aðalfundur hefst með léttum hádegisverði

**Iðnþing 14.00 - 16.00**

Opin dagskrá Iðnþings hefst að loknum aðalfundi.

**Árshóf kl. 19.30**  
í Silfurbergi Hörpu föstudaginn  
7. mars

### Hætt við Iðnsýningu

Áformum um fyrirhugaða Iðnsýningu 6. – 9. mars hefur verið hætt vegna ónógrar þátttöku sýnenda. Goggur útgáfufélag hefur undanfarna mánuði unnið að framkvæmd sýningarinnar og áttu SI fulltrúa í verkefnastjórn auk þess að vera aðalstyrktaraðili hennar. Í stað sýningar verður afl beggja aðila sett í aðra viðburði á afmælisári.



Frá Iðnþingi 2013

bls. 2



Leiðari:  
Virkjum drifkraft  
iðnaðar

bls. 3



Fúsk eða fagleg  
vinnubrögð

bls. 4 - 5



Hvað segja  
félagsmenn

bls. 7



Breytingar á  
sköttum og  
gjöldum

bls. 8



MBS  
gengur til  
liðs við SI

# Virkjum drifkraft iðnaðar

Niðurstaða atkvæðagreiðslu félaga Alþýðusambandsins um kjarasamningana er umhugsunarverð áskorun. Einstaklega vandaður undirbúningur málsins og markmið – sem ómögulegt er að halda fram að hafi ekki verið skynsamleg – dugðu ekki til að skila samningunum alla leið. Vegna þess að þetta áttu að vera stuttir aðfararsamningar að öðrum lengri eru samskipti aðila vinnu- markaðar strand. Næstu mánuði mun ríkja mikil óvissa á vinnu- markaði á Íslandi, því miður.

Þessi staða sýnir atvinnulífina að leita verður nýrra leiða og finna ný ráð. Þjóðlíf og efnahagslíf verður aldrei aftur eins og það var fyrir kreppu og jafnvel þjóðarsáttarmódelið að kjarasamningum þarfnast nýrrar hugsunar. Áttum okkur á því að árin fimm sem liðin eru frá hrúni hafa einmitt knúið fram slíka nýja hugsun í rekstri íslenskra fyrirtækja. Enginn hefur komist hjá því að laga sig að nýjum aðstæðum og margir fundið á eigin skinni að sókn er besta vörnin. Samtök iðnaðarins vilja senda skýr skilaboð til samfélagsins alls: *Iðnaðurinn er reiðubúinn til sóknar*. Lífskjarabresturinn sem hrúnið leiddi af sér verður einungis lagfærður ef fjölbreyttur iðnaður Íslendinga fær skilyrði til að vaxa. Án verðmæta- sköpunar, aukinnar framleiðni og útflutnings iðnaðar af öllu tagi mun okkur aldrei takast að ná fyrra lífskjarastigi – hvað þá komast lengra en áður var. Án viðsnúnings mun flóttinn frá Íslandi halda áfram, hvort sem er menntaðra lækna eða

spútnikfyrirtækja í upplýsingaiðnaði sem nú skrá sig hvert af öðru í Delaware í Bandaríkjunum en slíta landfestar við Ísland.

Samtök iðnaðarins bera þess merki að iðnaður á Íslandi hefur aldrei verið fjölbreyttari. Kvikmynda- og tölvuleikjaiðnaður, þekkingargreinar eins og ráðgjafarverkfræði og heilbrigðistækni hafa komið sterkar inn í samtökin. Samtök iðnaðarins, sem stofnuð voru í kreppu fyrir 20 árum, hafa frá öndverðu beitt sér af afli fyrir nokkrum algildum grundvallaratriðum. Af þessum atriðum má aldrei gefa afslátt:

- *Stöðug rekstrarskilyrði og sveiflu- jöfnun*
- *Peningamálafestna sem virkar*
- *Opin samkeppni og heilbrigður útboðsmarkaður*
- *Greiður markaðsaðgangur og viðskipti við umheiminn*
- *Samkeppnishæfni landsins*

Fram að 2008 hafði Ísland náð verulegum heildarárangri á þessum sviðum sem hrundi og skildi eftir rekstrarskilyrði vaxandi iðnaðar í sárnum. Eftir stendur þó að stoðir atvinnulífs á Íslandi eru mun fjölbreyttari en áður var, m.a. vegna þeirrar uppbyggingar sem miklu betri skilyrði íslenskra fyrirtækja á innri markaði Evrópu leiddu til.

Höfum í huga að sú uppbygging varð í frelsi. Enginn sá fyrir alþjóðlegan vöxt fyrirtækja sem smíðað höfðu heims-



Svana Helen Björnsdóttir  
formaður SI

klassa lausnir fyrir íslenskan sjávarútveg og orkuiðnað. Haftasamfélag er hins vegar ekki frjálst heldur fyrirséð og stöðnun skammt undan.

Við þessu eigum við Íslendingar svo sannarlega svar og það er sama svar og fjöldamörg fyrirtæki hafa fundið til að standa af sér storma síðustu ára. Að laga sig að nýjum aðstæðum með breytingum sem gera okkur sterkari í samkeppni.

Ríkisstjórnin hefur gefið margt gott til kynna í stjórnarsáttmála og á fyrstu mánuðum sínum. Atvinnulífið horfir til hennar og bíður eftir nýrri sýn. Við vitum að viljinn er fyrir hendi og iðnaðurinn tekur heilshugar undir markmið um afnám hafta, um auknar framkvæmdir, um nýsköpun og þróun og allar aðgerðir sem miða að auknum stöðugleika í efnahags- umhverfinu.

Ísland þarf samt enn meira, eins og óvissan á vinnu- markaði sýnir okkur öllum. Hagstjórnin getur ekki miðað markmið sín við neitt annað en frelsi og fótfestu fjölbreyttrar flóru fyrirtækja, til að fæðast og vaxa varanlega á Íslandi.

Samkeppnishæfni Íslands verður að komast aftur á dagskrá íslenskra stjórnsmála ekki síðar en strax. Svarið til vinnu- markaðarins er að virkja drifkraft fjölbreytts iðnaðar Íslendinga. Ef slík stefna sést í verki og drifið sést snúast mun fólk trú á efndir skynsamlegra markmiða kjarasamninga. Meðan ekki snýst er hætt við að samfélagið trúir ekki yfirlýstum markmiðum. Meira þarf en orð.

Stefnuföst hagstjórn og snjallar útfærslur rekstrarskilyrða fyrirtækja sem skapa ný alþjóðleg tækifæri er svarið. Einungis þannig stækkum við kökuna, aukum þjóðarauðinn eins og þarf til að atvinnulífið taki vaxtarkipp.

*Iðnaðurinn er reiðubúinn.*

## Kosningar

Óskað eftir tilnefningum til stjórnar SI og fulltrúaráðs SA



Í tengslum við Iðnþing fer að venju fram kosning til stjórnar Samtaka iðnaðarins og valdir eru fulltrúar í fulltrúaráð SA. Formaður er kjörinn til árs í senn. Núverandi formaður, Svana Helen Björnsdóttir, gefur kost á sér til áframhaldandi formennsku.

Að þessu sinni ganga þrjú úr stjórn. Eftirtaldir hafa nú þegar gefið kost á sér, Bolli Árnason, Jón Gunnar Jónsson, Lárus Andri Jónsson, Sigsteinn P. Grétarsson, og Vilborg Einarsdóttir. Þeir sex sem næst eru því að ná kjöri í stjórn taka sæti í ráðgjafaráði SI. Í fulltrúaráði SA eiga sæti 100 fulltrúar og þar hefur SI nú 29. Gera má ráð fyrir að fjöldi þeirra verði svipaður að þessu sinni.

Óskað er eftir tilnefningum til allra þessara trúnaðarstarfa og þurfa þær að hafa borist skrifstofu Samtaka iðnaðarins eigi síðar en 7. febrúar.

# Fúsk eða fagleg vinnubrögð

Það tekur iðnaðarmann allt að fjögur ár að læra iðn sína. Á þeim tíma lærir hann réttu handtökin, þjálfast í að finna faglegar lausnir og beita faglegum vinnubrögðum. Hann er orðinn sveinn í faginu og stendur þeim langt framur sem hafa ekki numið fagið eða hlotið faglega þjálfun. Starf hans fellur undir iðnlöggjöfina sem sett var á fyrir mörgum áratugum til að koma í veg fyrir að neytendur verði fyrir barðinu á fúskurum. Einn góðan veðurdag ákveður hann að stofna fyrirtæki og gerast atvinnurekandi. Hann velur nafn á fyrirtækið, fær kennitölu og virðisaukaskattnáúmer hjá hinu opinbera og hefur rekstur.

En hvað svo? Þarf maður ekkert að læra til að reka fyrirtæki? Kanna allir að reikna laun, útbúa skilagreinar, gera verkáætlanir, öryggis- og heilbrigðisáætlanir, ráða fólk til starfa, gera upp aukaverk og breytingar og annast innkaup? Er sjálfsagt að maður þekki lög og reglur sem gilda um reksturinn eða kröfur varðandi starfsleyfi og umhverfis- og öryggismál? Er sjálfgefið að allir kunni góð skil á framleiðslu- og verkefnastjórnun og eigi auðvelt með að koma á umbótum og velja hagkvæmstu framleiðsluáferðirnar?

Að vera almennur atvinnurekandi eða stjórnandi er ekki löggverndað starf sem fellur undir löggjöf eins og iðnlöggjöfina. Er hugsanlegt að rekstur og stjórnun krefjist hvorki þekkingar, færni né faglegra vinnubrögða eins og þegar um löggverndaða iðngrein er að ræða. Á stjórnandinn enga verkfærakistu eins og iðnaðarmaðurinn og þarf hann því ekki að læra á nein tæki eða tól?

## Verkfærakista stjórnandans

Það er eitthvað bogið við þessa mynd ef svarið er nei, því að rekstur og stjórnun eru umfangsmikil svið, næstum óendanleg, t.d. mannleg, tæknileg, lagaleg og fagleg. Það þarf að halda bókhald á mörgum sviðum svo sem varðandi verð-útreikninga, tilboðsgerð, mannhald, öryggis- og umhverfismál, framleiðslumál, markaðsmál, uppgjör og samninga og þannig mætti áfram telja. Verkfærakista stjórnandans er frábrugðin iðnaðarmannsins en þó æði stór með flóknum tækjum og tólum þar sem tölvur og forrit, verklagsreglur, gátlistar, rýnigögn, eyðublöð og ýmsar skrár og skýrslur koma í stað hamars, skrifstólans og hallamáls. Þessi verkfæri eru þó ekki öðruvísi en önnur að því leyti að til að ná árangri þarf að læra á þau og þjálfast í notkun

þeirra. Þannig öðlast stjórnandinn hæfni, sjálftraust og getu til að beita þeim með faglegum hætti eins og iðnaðarmaðurinn sínur.

## Það er margt í mörgu


Það er staðreynd að fólk, sem hefur iðnmenntun eina að vopni, rekur og stjórnar hluta iðnfyrirtækja, oft með margna í vinnu og mikla veltu. Það stjórnar verkefnum sem unnin eru við hættulegar og erfiðar aðstæður. Tuttugu hæða hús, brúargerð yfir stórflyót og miklar umferðagötur eru meðal verkefna. Fólk, sem leggur aleiguna undir til að koma sér þaki yfir höfuðið, er meðal viðskiptavina. Verkefni geta því verið stór og ábyrgðin mikil.

Iðnmeistari sem og aðrir, sem reka lítil fyrirtæki, þurfa að sinna mörgum hlutverkum. Auk þess að hafa faglega þekkingu þarf hann að kunna skil á og geta annast ýmsa þætti sem er sjálfsagt að sé sérsvið tiltekinn starfsmanna í stærri fyrirtækjum. Hann þarf oftast en ekki að gegna hlutverki stjórnarformanns, framkvæmdastjóra, framleiðslustjóra, verkstjóra, launafulltrúa, gæðastjóra og starfsmannastjóra. Hann þarf að geta annast öll almenn skrifstofustörf, gert tilboð og samninga, kunna á tölvu, ýms forrit og beitt almennum skrifstofutækjum og tólum. Stjórnandi í fyrirtæki við mannvirkjagerð þarf auk þess að vera sérfræðingur í sértækum lögum, reglugerðum og stöðlum. Hann þarf, samkvæmt byggingarreglugerð, að vera bær til að sinna hlutverki byggingastjóra, geta útbúið og rekið gæðakerfi og tekið að sér hlutverk samræmingaraðila öryggismála við tímabundna mannvirkjagerð samkvæmt reglum um öryggismál við tímabundna mannvirkjagerð.

Iðnmeistari með eigin rekstur í mannvirkjagerð sinnir þannig mikilvægu og flóknu hlutverki og ber mikla ábyrgð. En er námið, sem er í boði, fullnægjandi til að hann geti sinnt þessu hlutverki af kostgæfni?

## Er meistaranámið í núverandi mynd ásættanlegur kostur?

Samkvæmt iðnlöggjöfinni á ábyrgðarmaður fyrirtækis innan verksviðs lög-



gildra iðngreina að hafa iðnmeistararéttindi í faginu og það á að tryggja fagleg vinnubrögð. Til að öðlast réttindi iðnmeistarara þurfa iðnsveinar að fara í meistaraskóla. Þeir, sem hafa sveinsréttindi í byggingagreinum, geta að loknu námi í iðn- eða tæknifræði sótt um sömu réttindi. Í meistarskólum hefur lítið borið á námi varðandi rekstur, almenna stjórnun ásamt framleiðslu- og byggingastjórnun. Til margra ára var aðeins kvöldnám í boði sem síðan var breytt í dreifinám eða fjarnám.

Árið 2009 gerðu Samtök iðnaðarins könnun meðal starfandi meistara og útskriftarnema í meistarskóla byggingagreina sem staðfesti að svo er ekki. Kvöld- eða dreifinám að loknum löngum vinnudegi er ekki ásættanlegur kostur. Sérhæfðar verkmenntastofnanir bjóða ekki rekstrar- og stjórnunarnám í samræmi við þarfir atvinnurekandans og stjórnandans. Metnaðarleysið, sem einkennt hefur meistaranámið, má glögglega sjá á meðfylgjandi mynd frá IR þar sem skýrt kemur fram að þeim, sem fara leið meistaranámsins, hefur að því loknu ekkert miðað áleiðis á menntaveginum.

## Tímabært að bæta úr

Því má spyrja hvort ekki sé tímabært að leggja meistaranám að jöfnu við nám sambærilegra starfsstétta. Rekstur og stjórnun iðnfyrirtækja, hvort heldur er við þjónustu, framleiðslu eða mannvirkjastarfsemi er ekki síður krefjandi en rekstur fyrirtækja í óskyldum rekstri. Til að geta fullnægt kröfum í lögum um réttindi til reksturs iðnfyrirtækja í löggiltum iðngreinum eru ekki margar námsleiðir í boði. Þær verða því að vera boðlegar og í samræmi við þarfir og kröfur markaðarins.



## Hverjar eru

### Lilja Ósk Snorradóttir, Pegasus

„Árið í ár fór vel af stað hvað varðar erlenda verkefnastöðu. Einnig erum við með nokkur innlend og erlend samframleiðsluverkefni í þróun en þar er niðurskurður á framlögum til Kvikmyndasjóðs þó áhyggjuefni.“

### Gestur G. Gestsson, Advania

„Við hjá Advania horfum björtum augum á árið 2014. Upplýsingatækni er sífellt að verða mikilvægari í allri starfsemi fyrirtækja óháð því í hvaða atvinnugrein þau starfa. Með snjallri notkun á þeim fjölbreyttu tækifærum sem upplýsingatæknin færir fyrirtækjum má skapa mikinn ávinning. Útflutningur á vörum/þjónustu er jafnframt orðinn stór hluti af starfsemi okkar og munum við leggja sérstaka áherslu á að efla þann þátt enn frekar á nýju ári. Það eru því spennandi tímar framundan.“

### Aðalheiður Héðinsdóttir, Kaffitár

„Varðandi horfur fyrir 2014 þá er ég full bjartsýni nú sem fyrr. Þó enn blási um í efnahagsmálum landsins og víða annarstaðar þá erum við Íslendingar svo vel gert fólk að við komum til með að gera vel. Velgengni er líklega best mæld í því að geta unnið að sínum hugðarefnum, vinna gagn fyrir sjálfan sig og samfélagið í heild.“

Kaffiræktunarlöndin eiga mörg hver við alvarleg vandamál að etja og í samamburði við þau erum við að eiga við algjör lúxus vandamál hér heima. Breytingar á veðurfari og kaffisjúkdómar eru það sem menn í kaffiræktunarlöndunum glíma við. Tæknin mun hjálpa þessum löndum og því er þekking lykilatriði og að þekkingin skili sér til hins almenna bónda.

Hjá Kaffitár erum við að vinna að nýjum verkefnum. Sumum mjög áhuga verðum öðrum nauðsynlegum til að geta haldið áfram að vera í fararbroddi í kaffilífi þjóðarinnar.

Nýja fyrirtækið okkar Kruðerí er enn á brauðfótum en við höfum fulla trú á að á árinu munum við sjá fullt af ánægðum viðskiptavinum flykkjast á kaffihúsin okkar og gúffa í sig gómsætu kaffi og kruðerí. Við megum ekki missa sjónar á því fyrir hverja við erum til og ef við reynum að gera betur og betur þá

farnast okkur vel. Bæði sem einstaklingum og fyrirtækjum.“

### Tryggvi Jónsson, Mannvit

„Síðastliðið ár var frekar þungt í okkar grein og umtalsverður samdráttur frá árinu á undan. Þetta helst í hendur við ákaflega lágt fjárfestingastig í landinu. Þótt hagvöxtur sé á uppleið eru fjárfestingar litlar en það er helsta lífæð verkfræðistofa. Afar mikilvægt er að viðsnúningur verði í framkvæmdum, ekki síst í innviðum samfélagsins. Í náinni framtíð skiptir okkur einna mestu að áfram verði unnið að þróun orkufreks iðnaðar en í gegnum tíðina hafa slík verkefni verið mikilvægur vendipunktur í efnahagslífinu. Margvísleg spennandi verkefni eru í gangi í tengslum við uppbyggingu í ferðaþjónustu, s.s. hótellbyggingar, en það þarf meira til að koma hlutunum í gang.“

### Sigurður Heimir Sigurðsson, Múrarameistarafélags Reykjavíkur

„Horfurnar fara batnandi, ég á von á skárra atvinnuástandi múrara en verið hefur. Framkvæmdir á íbúðahúsnæði eru komnar í gang og steypuvinna hefur aukist. Bransinn virðist vera snúa sér meira að því að múra mannvirki, enda er unnið þá með innlent hráefni og hlutfall vinnuframlags er hærra í þessari gerð frágangs innanhúss en annars. Einnig kemur múrað votrymi vel út gagnvart myglu sem er stórt vandamál í dag. Félagið hefur áhyggjur af lítilli nýliðun eins og í öðrum greinum byggingariðnaðar. Múrarameistarar eru í dag tilbúnir að taka nýnema á samning og er það mikilvægt svo nýliðun geti átt sér stað.“

### Bjarni Þór Gústafsson, Málarameistarafélagið

„Í ár sýnist mér að betri tímar séu framundan en verið hefur. Hafnar eru framkvæmdir á nýju íbúðarhúsnæði og hótellrymum hefur fjölgað mikið sem kallar á aukna vinnu. Eins og staðan er nú ráðlegg ég almenningi að skipuleggja hugsanleg viðhaldsverk í tíma, ekki síst til að nýta sér átakið „allir vinna“ (endurgreiðsla vsk). Þá hvetjum við

fólk til að skipta við félagsmenn Málarameistarafélagsins enda eru eingöngu löggiltir málarameistarar í félaginu. Síðustu ár hefur verið erfitt fyrir meistara að taka nema vegna ástands markaðarins en nú er kallað eftir nýliðun. Vegna batnandi stöðu á markaði eru málarameistarar frekar tilbúnir að taka nema á samning en áður.“

### Sigurður Svavarsson, Rafvirki

„Horfurnar eru þökkalegar þegar á heildina er litið, en fyrir hluta af mannskapnum sjáum við ekki verkefni nema tvær til þrjár vikur fram í tímann í einu, en sú staða hefur verið óbreytt síðustu tvö til þrjú ár og óvissa er því með þann hluta starfseminnar sem snýr að raflögnum í byggingum. Rafvélaverkstæðið gengur ágætlega og viðgerðarþjónusta sem þjónar aðallega skipaflotanum og byggingariðnaðinum gengur þökkalega, en byggingarkrönum hér á höfuðborgarsvæðinu er að fjölga sem bendir til að sá bransi sé aðeins að taka við sér þótt hægt fari.“

### Kristjón Sigurðsson, Rafal

„Útlitið hjá okkur er nokkuð gott fyrir fyrrihluta ársins en við bíðum spennir eftir því að sjá hvaða framkvæmdir verða settar í gang á árinu. Það er alveg ljóst að eitthvað af þeim stóru verkefnum sem hafa verið í umræðu undanfarið verða að fara að hefjast.“

Okkar fyrirtæki byggist þó aðallega upp á þjónustu við orkufyrirtækin í landinu og svo framleiðslu. Þeir þættir hafa gengið afar vel og engin ástæða til annars en að vera bjartsýnn fyrir árið 2014 hvað það varðar. Til þess að halda uppi starfsmannafjölda væri þó æskilegt að ná inn góðu verki í vor og sumar.“

### Helgi Kristjánsson, NaustMarine

„Verkefnisstaða hjá NaustMarine er ágæt í augnablikinu og nokkur útstandandi tilboð sem gætu komið inn á næstu mánuðum, bæði hjá útgerðum innanlands og erlendis. Undanfarið hefur mest verið unnið fyrir erlendar útgerðir en svo virðist sem einhver vakning hafi orðið hjá íslenskum útgerðum varðandi hugsanlegar nýsmíðar á togurum, þar sem spurt er um búnað frá íslenskum



## horfurnar ?

tækniyrirtækjum. Því miður hefur verið allt of mikið um að útgerðir hafi leitað beint til erlendra aðila varðandi tækni-búnað og hönnun, án þess að leita jafnframt eftir tilboðum hjá innlendum aðilum, en vonandi fer þetta batnandi. Að öðru leiti hefur aðalframleiðslan verið í smíði ATW kerfa og annarra stjórnkerfa fyrir vindur um borð í skipum hjá útgerðum í Rússlandi, Kína, USA og Hollandi sem eru með nýsmíðar í Tyrklandi og búnaðurinn þá sendur til skipasmíðastöðvar þar í landi.

Vinna fyrir innlend fyrirtæki í matvæla- iðnaði og orkugeiranum er vaxandi, þar sem NaustMarine kemur að málum með iðnstýrieningar og lausnir."

### *Björn Örvar, Orf líftækni*

„Komandi tímar eru mjög spennandi fyrir ORF Líftækni. Félagið hefur náð að festa sig í sessi á húðvörumarkaði í Evrópu, Asíu og S-Afríku en yfir 70% af veltu félagsins kemur nú frá útflutningi. Mikil vinna hefur verið unnin í uppbyggingu á vörumerkinu Bioeffect, markaðssetningu þess og uppbyggingu á sterku dreifineti og á félagið nú auðveldara með að stíga frekari og stærri skref erlendis. Svo til öll framleiðsla og verðmætasköpun félagsins er á Íslandi og sér félagið ekki fram á breytingar í þeim efnunum. Þá hafa þau lög og reglugerðir sem sett hafa verið um skattfrádrátt nýsköpunar- fyrir-tækja vegna rannsóknarstarfsemi ýtt verulega undir vöru- og tækniþróun félagsins."

### *Eyjólfur Eyjólfsson, Axis húsgögn*

„Undanfarið hefur verið fremur rólegt í húsgagna- og innréttingaframleiðslu þó flest fyrirtæki hafi haft þökkaleg verk- efni. Um áramótin 2012/13 virtist draga úr þeim bata sem menn þóttu merkja. Vonir stóðu til að líf myndi kvikna á markaðnum eftir kosningar, en úrslit þeirra virtust ekki vera aflvaki neinna umtalsverðra breytinga – enn sem komið er a.m.k.

Við merkjum hinsvegar hægan við- snúning í íbúðabyggingum og verkefnum þeim tengdum. Einnig hafa fjarfestingar í hótél og gistihúsnæði haft jákvæð áhrif á okkar atvinnugrein. Einnig merkjum við að nú 5 árum eftir hrun að þeir sem

sýsla með opinbert fé virðast vera búnir að gleyma mikilvægi þess að kaupa íslenskt. Fyrst eftir hrun varð hugarfars- breyting í þá átt, en nú virðist hafa fjarað undan þeirri vakningu þrátt fyrir að íslenskir húsgagna- og innréttinga- framleiðendur telja sig vera fullkomlega samkeppnishæfa bæði hvað varðar verð og gæði. Gleymum ekki gömlu gildunum og kaupum íslenskt og þá mun öllum farnast betur."

### *Einar Ásgeirsson, Hringrás*

„Það horfir ágætlega hjá okkur og því sem við erum í. Góður og samheldinn hópur heldur þessu gangandi á þessum viðsjárverðu tímum. Við höldum okkar hlut og bætum aðeins við okkur. Liðs- heildin hjá starfsmönnum drífur þetta áfram."

### *Porkell Jónsson, Samey*

„Við fögnum 25 ára afmæli fyrirtækisins í ár og horfum björtum augum til næstu 25 ára. Það er enginn barlómur í okkur og við sjáum tækifæri og jákvæða þróun í flestum hornum. Við vonumst eftir auknum stöðugleika og að sem fyrst takist að vinda ofan af gjaldeyrishöftum sem eru að flækjast fyrir okkur eins og svo mörgum öðrum fyrirtækjum í okkar grein."

### *Ágústa Kristjánsdóttir, Snyrtistofan Ágústa*

„Árið leggst mjög vel í okkur en fyrir- tækið er að hefja 25 starfsárið sitt. Verkefnastaða fyrirtækisins er góð og við höfum verið að taka inn nýjar meðferðir sem bæði er skemmtilegt að framkvæma og skilar mjög góðum árangri fyrir við- skiptavinum okkar. Annars vegar er um að ræða lúxusnudd og hins vegar varanlega förðun.

Viðskiptavinir halda tryggð við okkur enda búum við svo vel að vera með framúrskarandi starfsfólk. Aukinn fjöldi erlendra ferðamanna hefur skilað sér til okkar með auknum viðskiptum og við sjáum fram á að þeim mun fjölga enn meira á þessu ári."

### *Vilhjálmur Þorláksson, Gæðabakstri*

„Árið leggst bara vel í mig. Ég vona að botninum sé náð í efnahagsástandinu.

Nú þurfa framleiðendur og launþegar að standa saman í baráttu við verðbólguna. Í því felst mesta kjarabótin og þar með aukinn kaupmáttur."

### *Bergsteinn Einarsson, Set*

„Við lítum björtum augum á framtíðina vegna þess að við erum að vinna að skemmtilegum verkefnum og hlutur útflutnings og erlenda hlutans er að aukast.

Það er hins vegar illa komið á innan- landsmarkaði á bygginga- og veitusviði eftir mistökin sem gerð voru á árunum fyrir hrun, ekki síður við stjórn fram- kvæmda en efnahagsmála. Við finnum að okkar góðu viðskiptavinir orku- og veitufyrirtækin eru smátt og smátt að styrkjast en við erum aftastir í röðinni þegar byggingagreinarnar fara að eflast því mikið magn af okkar vörum liggur tilbúið í jörð í hverfum sem eftir er að reisa.

Reynsla okkar í Þýskalandi í fjögur ár hefur kennt okkur að Ísland er eina landið þar sem veitustofnanir bjóða út lagnaefni í opnum útboðum á öllu ESB svæðinu. Við höfum enn ekki séð neitt slíkt útböð auglýst í löndum Evrópusam- bandsins. Mér dettur í hug að hér á landi séu menn að misskilja og oftúlka tilskip- anir EES samningsins á mörgum sviðum samkeppnismála."

### *Bjarni Thoroddsen, Stálsmiðjan - Framtak*

„Almennt var verkefnastaðan í málm- og véltæknigreininum ágæt á síðasta ári bæði í viðhaldi og nýsmíði af ýmsu tagi enda þótt afkoma einstakra fyrirtækja sé eflaust misjöfn eins og gengur. Heldur hefur hægt á verkefnum tengdum útgerð og sjávarútvegi á undanföllum árum en nú virðist það vera að breytast. Verkefni á sviði stóriðju hafa stórlega dregist saman og er nú einungis unnið að nauð- synlegasta viðhaldi.

Til skemmri tíma er helsta áhyggjuefni greinarinnar skortur á stærri verkefnum tengdum stóriðju eða virkjunum en til lengri tíma er nýliðun aðal áhyggjuefnið."

# Breytingar á lagaumhverfi efnavara

Það var orðið tímabært að taka til í þeim málflokki en eldri lögum hafði margoft verið breytt og þar mátti finna ýmislegt sem orðið var úrelt. Með nýjum lögum sem tóku gildi síðastliðið sumar fæst betri yfirsýn þótt lagabálkur um efni og efnavörur sé viðamikill og flókinn sem fyrr. Hér verða rakin meginatriðin sem fyrirtæki þurfa að skoða í nýlegum breytingum.

**Flokkun og merking á efnavörum.** Á næstu árum á að hættuflokka efnavörur samkvæmt nýjum reglum og taka upp ný varnaðarmerki og hættusetningar. Frestur til að taka upp nýja hættuflokkun og merkingar á efnavörum er til 1. júní 2015. Hafa má vörur framleiddar fyrir þann tíma á markaði með eldri merkingum fram til 1. júní 2017 en eftir það er gert ráð fyrir að ný flokkun og varnaðarmerki verði allsráðandi.

**Öryggisblöð.** Gefnar hafa verið út leiðbeiningar um ítarlegri öryggisblöð. Breytingarnar eru í takti við skráningu efna samkvæmt REACH og ýtarlegri upplýsingar skulu birtast í öryggisblöðum eftir því sem skráningu efna vindur fram. Öryggisblöð þarf að uppfæra samhliða breytingu, flokkun og merkingu.

**Snyrtivörur.** Um mitt ár 2013 tók gildi reglugerð um snyrtivörur og meðal nýmælis er að skrá þarf snyrtivörur í samevrópskan gagnagrunn. Gerðar eru auknar kröfur til framleiðenda og innflytjenda um að sýna fram á öryggi snyrtivara.

**REACH.** Skráning á hreinum efnum hjá Efnastofnun Evrópu er enn við lýði. Fjöldi efna var skráður á síðasta ári og úrvinnsla þeirra gagna stendur yfir. Skráningu efna á markaði á að ljúka árið 2018.

**Kælimiðlar.** Fyrirtæki og starfsmenn sem hafa umsjón með rekstri og viðhaldi kælikerfa, loftræstinga og varmadæla sem innihalda flúoraðar gróðurhúsa-



lofttegundir skulu hafa hlotið vottun samkvæmt reglugerð um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Tiltekna undantekningar eru þó frá þessu. Hægt er að sækja um skirteini hjá Umhverfisstofnun eða leita til vottunaraðila.

**Plöntuvarnarefni.** Í nýjum efnalögum eru breyttar reglur um plöntuvarnarefni. Í kjölfarið er væntanleg reglugerð þar sem krafist verður markaðsleyfis og leyfisveitingar en fram að því gilda tímabundnar skráningar.

**Sóttthreinsiefni.** Viðarvörn, plöntuvarnarefni o.fl. Sæfiefni (biocides) eru sóttthreinsiefni, viðarvarnarefni, rotvarnarefni, útrýmingarefni og gróðurhindrandi efni. Óheimilt verður að markaðssetja ýmis sæfiefni án leyfis. Markaðsleyfi þarf fyrir allar vörur sem innihalda sæfiefni þar eð ekki nægir að leyfi sé fyrir virka efninu. Sækja þarf um leyfi í hverju landi fyrir sig á evrópska efnahagssvæðinu og sér Umhverfisstofnun um leyfisveitingar héraðs. Markaðsleyfi eru veitt fyrir vörur eftir að virku efnin hafa verið áhættumetin og þau komin á svokallaðan jákvæðan lista sem birtur er í reglugerðum.

Bryndís Skúladóttir



## Bifröst og Matís í samstarf um matvæla- og rekstrarfræði

Sveinn Margeirsson, forstjóri MATÍS og Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst, skrifuðu nýlega undir samning þess efnis að MATÍS sjái um kennslu og uppbyggingu námsgreina í matvæla- og rekstrarfræði, nýrri námslínu sem verður í boði í Háskólanum á Bifröst frá og með næsta hausti.

Námsgreinar, sem MATÍS mun hafa yfirumsjón með, tengjast beint innihaldi, meðferð og framleiðslu matvæla og spanna um fjórðung af námi í viðskiptafræði. Með umsjón með náminu tekur MATÍS að sér að skipuleggja og annast kennslu á mörgum þeim námskeiðum sem tengjast matvæla- og rekstrarfræðinni beint. Námskeiðin eru til dæmis í næringarfræði, örverufræði matvæla, matvælavinnslu, matvælaöggjöf og gæðamálum.

Námið er 180 ECTS einingar og lýkur með BS gráðu í viðskiptafræði með áherslu á matvæla- og rekstur. Hægt verður að stunda það í fjarnámi og staðnámi eða blöndu af hvoru tveggja.

Lögð hefur verið áhersla á að bregðast við þörfum matvælaframleiðenda og frumkvöðla, í samstarfi við menntakerfið, m.a. í formi hagnýtra verkefna með þátttöku nemenda og með kennslu tiltekinn námskeiða í matvælafræði og iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Sjávarútvegsháskóla Sameinuðu Þjóðanna. Matís getur þannig útvegað kennara, og boðið tengsl við atvinnulífið og aðstöðu til bóklegrar og verklegrar kennslu.



Samtök iðnaðarins veita ráðgjöf og aðstoða við innleiðingu gæðastjórnunar, CE merkinga og áfangavottana. Sjá nánar á [www.gsi.is](http://www.gsi.is)



**Föstudaginn 7. febrúar** verður haldin ráðstefna og sýning fyrir fagfólk þar sem fluttir verða á fimmta tug fyrirlestra um ýmis málefni tengd upplýsingatækni.

**Laugardaginn 8. febrúar** verður sýning og fræðsla með margs konar viðburðum fyrir alla aldurshópa. Þar verða m.a sýningarbásar helstu tölvu- og tæknifyrirtækja landsins, Hönnunarkeppni véla- og iðnverkfræðinema, og Örmessa þar sem flutt verða stutt og fróðleg erindi. Hægt verður að spreyta sig á forritun með aðstoð barna og sjá hvað hægt er að gera með Mindstorm LEGO kubbum, sjá hvernig þrívíddarprentarar virka og kynnst nýjustu tækni í tölvuleikjum svo að nokkuð sé nefnt.

Nánari dagskrá á [www.utmessan.is](http://www.utmessan.is)



Hvað ungur nemur gamall temur


## Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
01. tbl. 20. árg. Janúar 2014  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 28.01.2014  
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.  
Ljósmyndir: Odd Stefán, á forsiðu HAG,  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,  
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019

[www.si.is](http://www.si.is), netfang: [ritstjorn@si.is](mailto:ritstjorn@si.is)  
Ábyrgðarmaður: Kristrún Heimisdóttir  
Ritstjóri: Rakej Pálsdóttir  
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildir í slíkum tilvikum.



## Breytingar á sköttum og gjöldum

Samtök iðnaðarins hafa tekið saman helstu breytingar á sköttum og gjöldum sem tóku gildi 1. janúar. Ekki er um endanlega upptalningu að ræða og þeim, sem vilja kynna sér málið frekar, er bent á vefi Alþingis og ríkisskattstjóra.

### Staðgreiðsla, tekjuskattur og útsvar, verða í þremur þrepum árið 2014:

Mánaðarlaun 0-290.000 á mánuði	37,30%
Mánaðarlaun 290.0001-784.619 á mánuði	39,74%
Mánaðarlaun umfram 784.619 á mánuði	46,24%

Persónuafsláttur hækkar í kr. 50.498 á mánuði.

Tryggingagjald lækkar úr 7,69% í 7,59%.

Frádráttur vegna iðgjalds í séreignarsjóð hækkar úr 2% í 4% frá 1. júlí 2014.

Auðlegðarskattur reiknast á gjaldaárinu 2014, 1,5% af hreinni eign einstaklings í árslok 2013 yfir 75 m.kr. og hjóna yfir 100 m.kr. og 2% af hreinni eign einstaklings yfir 150 m.kr. og hjóna yfir 200 m.kr.

Stimpilgjald á lánskjöllum fellur niður.

Stimpilgjald á kaupsamningum um fasteignir hækkar úr 0,4% af fasteignamati í 0,8% hjá einstaklinum og í 1,6% hjá lögaðilum. Einstaklingar sem kaupa sína fyrstu fasteign fá 50% afslátt af stimpilgjaldi.

**100% endurgreiðsla virðisaukaskatts** við vinnu manna á byggingarstað er framlengd til ársloka 2014 og gildir fyrir íbúðarhús, sumarhús og byggingar í eigu sveitarfélaga.

Ýmis gjöld hækka um 3% svo sem olíu- og kílómetragjald, bifreiðagjöld, gjöld á áfengi og tóbak, útvarpsgjald o.fl.

## Samantekt yfir nýsamþykktar breytingar á lögum

Samtök iðnaðarins hafa tekið saman yfirlit yfir nýsamþykktar breytingar á lögum sem SI hafa látið sig varða.

Lög um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir (færanleg starfsemi og EB-gerðir: umhverfismerki, loftgæði og efri losunarmörk).

Megintilgangur þessara laga er að innleiða þrjár EB-gerðir og einnig að styrkja framkvæmd norræna umhverfismerkisins hér á landi. Þá er fjallað um færanlega starfsemi í fyrrnefndum lögum. Þær EB-gerðir, sem hafa nú verið innleiddar, eru reglugerð (EB) nr. 66/2010 um umhverfismerki ESB, tilskipun 2008/50/EB um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu og tilskipun 2001/81/EB um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni.

Lög um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005

lögum um vörugjald, nr. 97/1987

lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988

lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989

lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum (sektir, greiðslufrestur í tolli, sykurskattur og skilagjald vegna einnota drykkjarumbúða, vörugjald af bílum til útleigu o.fl.)

Markmið þessara breytinga á lögnum er að auðvelda framkvæmd tollalaga, laga um vörugjald og laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur og taka af öll tvímæli um atriði sem óskýr hafa verið í framkvæmd vegna orðalags þessara laga. Jafnframt er tvískipting greiðslu waðflutningsgjalda, vörugjalda og virðisaukaskatts í greiðslufresti framlengd út árið 2014.

# MBS gengur til liðs við SI og SA



Svana Helen Björnsdóttir, formaður SI, Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA og Grétar I. Guðlaugsson, formaður MBS við undirritun samningsins

**Samningar** um aðild Meistarafélags byggingamanna á Suðurnesjum (MBS) að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins voru undirritaðir 19. desember. Meistarafélag byggingamanna á Suðurnesjum var stofnað 3. desember árið 1971. Félagsmenn eru 45 talsins og koma úr öllum greinum byggingariðnaðarins.

Samtökin fagna þessum góða liðsauka

og vænta mikils af auknum styrk og samtakamætti félaga í byggingariðnaði.

Með aðild MBS er lagður grunnur að enn sterkari samtökum sem gæta hagsmunna íslensks byggingariðnaðar enda starfa nú nær öll samtök atvinnurekenda í byggingariðnaði sameinuð undir merkjum Samtaka iðnaðarins.



Íslandsmótinu er fyrst og fremst ætlað að kynna ungu fólki iðn- og verkgreinar til að vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í námi og störfum þeim tengdum. Keppt verður í 23 greinum.

Grunnskólanemendur eru sérstaklega boðnir velkomnir og þeim og öðrum gestum verður gefinn kostur á að prófa ýmislegt spennandi undir handleiðslu fagfólks. Hér er því frábært tækifæri til að kynna sér spennandi starfsmöguleika í iðngreinum.

Tuttugu og fimm framhaldsskólar kynna námsframboð sitt, bæði verklegt og bóklegt og starfsfólk þeirra veita svör við spurningum um námsframboð og inntökuskilyrði. Félag náms- og starfsráðgjafa verður með kynningarbása á svæðinu og þeir svara m.a. fyrirspurnum um val námsleiða og veita upplýsingar um áhugasviðskannanir.

Íslandsmót iðn- og verkgreina er orðið fastur liður hjá félögum og samtökum sem standa að verknámsgreinum sem og framhaldsskólum sem kenna verklegar greinar. Íslandsmótið er fjölbreytt og skemmtilegt og veitir ungu fólki tækifæri til sýna fram á færni sína og kunnáttu í iðn- og verkgreinunum.

Þátttakendur í Íslandsmótinu eru nemendur í iðn- og verkgreinaskólum landsins eða þeir sem nýlega hafa lokið námi. Um 200 keppendur takast á við krefjandi og raunveruleg verkefni í samkeppni sem reynir á hæfni, skipulags- hæfileika og fagmennsku. Dómarar fara yfir verkefnið að keppni lokinni, meta frammistöðuna og velja þá sem skara fram úr í hverri grein.

## Menntadagur atvinnulífsins

Samtök iðnaðarins og sjö samtök atvinnulífsins efna til *Menntadags atvinnulífsins* mánudaginn 3. mars á Hilton Reykjavík Nordica kl. 12.30-16.30.

Menntun og fræðsla, sem nýttast öllu atvinnulífinu, verða þar í sviðsljósinu en þetta er í fyrsta sinn sem fulltrúar ólíkra atvinnugreina halda sameiginlegan menntadag.

Efling menntunar á öllum skólastigum og í framhaldsfræðslu er brýnt hagsmunamál fyrirtækja og eykur samkeppnishæfni þeirra. Á Menntadaginn fjalla forráðamenn fjölbreyttra fyrirtækja um mikilvægi menntunar starfsfólks og nauðsynlegar breytingar á menntakerfinu. Greint verður frá könnun um viðhorf framhaldsskólanema til bóknáms og verknáms og erlendar fyrirmyndir skoðaðar.

Á menntadaginn verða *Menntaverðlaun atvinnulífsins* veitt í fyrsta sinn fyrirtækjum sem hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála.

Nánari dagskrá verður auglýst síðar.

**Menntaverðlaun atvinnulífsins 2014**

4. menntadaginn, mánudaginn 3. mars 2014, verða menntaverðlaun atvinnulífsins veitt í fyrsta sinn til fyrirtækja sem hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála.

Menntaverðlaunin eru veittar til fyrirtækja sem hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála. Þetta er fyrsta sinn sem veitt verður til fyrirtækja sem hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála.

Menntaverðlaunin eru veittar til fyrirtækja sem hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála. Þetta er fyrsta sinn sem veitt verður til fyrirtækja sem hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála.

Menntaverðlaunin eru veittar til fyrirtækja sem hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála. Þetta er fyrsta sinn sem veitt verður til fyrirtækja sem hafa staðið sig vel á sviði fræðslu- og menntamála.

## Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna [www.si.is](http://www.si.is) Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið [rakel@si.is](mailto:rakel@si.is)

